

C.1 Heilbrigðisþjónusta



ATVINNUVEGA OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnstöð ferðamála

C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Inngangur


- Til að meta hve mikið álag er á heilbrigðisþjónustu vegna fjölgunar ferðamanna eru eftirfarandi vísar lagðir til sem meta álag á mismunandi þjónustueiningar heilbrigðiskerfisins, þ.e. sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og slysa- og bráðamóttöku:
 - Hlutdeild erlendra ferðamanna sem nota þjónustu á sjúkrahúsum
 - Hlutdeild erlendra ferðamanna af slysa- og bráðaþjónustu
 - Hlutdeild erlendra ferðamanna sem nota þjónustu á heilsugæslustöðvum
 - Hlutdeild erlendra ferðamanna af heilarþjónustu sjúkraflutninga
- Gögn yfir einstaklinga með svokallaða „gervikennitölu“ eru notuð til að meta fjölda erlendra ferðamanna sem nýttu sér ofangreinda heilbrigðisþjónustu. Gervikennitala er notuð fyrir þá sem hafa ekki hefðbundna kennitölu. Gervikennitölur eru ekki eingöngu notaðar fyrir ferðamenn heldur einnig til dæmis skiptinema og erlent fólk sem starfar tímabundið hérlandis en gera má ráð fyrir að þeir séu hlutfallslega fáir sem fá gervikennitölu og eru ekki ferðamenn.
- Mat á þörmörkum í heilbrigðisþjónustu fer að verulegu leyti eftir útgjöldum hins opinbera til málaflokksins. Gera má því ráð fyrir að þörmörkin færist til ef útgjöld aukast sem og annar nauðsynlegur aðbúnaður.
- Nokkuð misjafnt er hvernig heilbrigðisþjónustu erlendir ferðamenn þarfnast og einnig er misjafn fjöldi ferðamanna í landshlutunum. Til lengri tíma litið þarf að meta með nánari hætti hvers konar álag þjónusta við erlenda ferðamenn skapar og hvernig grípa þurfi til aðgerða til að halda heilbrigðisþjónustu undir þörmörkum.



C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Inngangur

- Fjöldi koma erlendra ferðamanna á slysa- og bráðapjónustu hefur aukist mikið frá 2010 til 2017, eða frá rúmlega 1.300 til rúmlega 4.300, sjá efri mynd (vinstri ás). Á tímabilinu hefur fjöldinn þar af leiðandi fjöldinn rúmlega þrefaldast.
- Á tímabilinu má einnig reikna fjölda koma erlendra ferðamanna á hverja 1.000 ferðamenn til frekari glöggvunar á notkun bráða- og slysaþjónustu, sjá eftir mynd (hægri ás). Á slíkan mælikvarða hefur slysum á hverja 1.000 ferðamenn fækkað frá því að vera um 3,0 í um 2,0, sjá efri mynd (hægri ás).
- Af neðri myndinni má sjá að hlutdeild erlendra ferðamanna af slysa- og bráðamóttöku hefur að sama skapi aukist, sem og hlutdeild erlendra ferðamanna af sjúkraflutningum. Í gögnum fyrir sjúkraflutninga er búið að hreinsa út þær ferðir sjúkrabifreiða sem farnar voru vegna aðstoðar við sjúkraflutninga, og einnig þær ferðir sem voru afturkallaðar.
- Hlutdeildin fer frá því að vera tæp 2% árið 2010 yfir í það að vera nærri 4% árið 2017 fyrir slysa- og bráðamóttöku. Svipaða þróun má sjá í sjúkraflutningum, eða frá því að vera um 3% árið 2013 yfir í það að vera rúmlega 5% árið 2017. Stærri hlutdeild af þjónustunni hefur því farið í að sinna erlendum ferðamönnum á undanförunum árum.
- Hlutdeildin er hæst í því sem tengja má við slys og óhöpp. Ef litið er til hlutdeildar erlendra ferðamanna af heildarkomum á sjúkrahús var hún 1,1% árið 2017 og hefur hækkað um um það bil 0,5% frá 2013. Um tvöföldun er því að ræða í fjölda ferðamanna sem nýta sér heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum á tímabilinu.
- Á heilsugæslustöðvum var hlutfall erlendra ferðamanna af þeim sem nutu þjónustu um 0,7% árið 2015 og hefur fjöldinn einnig tvöfaldast á fáum árum.




C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Vísir	C.1.1 Hlutdeild erlendra ferðamanna af heildarkomum á sjúkrahúsum	C.1.2. Hlutdeild erlendra ferðamanna af heildarkomum á heilsugæslustöðvum	C.1.3 Hlutdeild erlendra ferðamanna af öllum komum á slysa- og bráðadeildir	C.1.4 Hlutdeild erlendra ferðamanna af heilarþjónustu sjúkraflutninga
Lýsing vísis	Fjöldi einstaklinga með „gervikennitölur“ sem njóta þjónustu sjúkrahúsa.	Fjöldi einstaklinga með „gervikennitölur“ sem njóta þjónustu á heilsugæslustöðvum.	Hlutdeild einstaklinga með „gervikennitölur“ af heildarfjölda einstaklinga sem skráðir eru á slysa- og bráðamóttöku.	Hlutdeild einstaklinga með „gervikennitölur“ af heildarfjölda einstaklinga sem nota sjúkraflutninga.
Uppruni gagna	Landlæknisembættið	Landlæknisembættið	Landlæknisembættið	Neyðarlínan
Eining vísis	%	%	%	%
Undir þolmörkum	Undir 1,0% af heildarkomum	Undir 1,0% af heildarkomum	Undir 3,0% af heildarkomum	Undir 3,0% af heildarþjónustu.
Farið að nálgast þolmörk	Milli 1,2% og 2% af heildarkomum	Milli 1,0% og 3% af heildarkomum	Milli 3,0% og 6% af heildarkomum	Milli 3,0% og 6% af heildarþjónustu.
Yfir þolmörkum	Yfir 2% af heildarkomum	Yfir 3% af heildarkomum	Yfir 6% af heildarkomum	Yfir 6% af heildarþjónustu.
Þolmörk og rök fyrir þeim	Sérfræðiálit	Sérfræðiálit	Sérfræðiálit	Sérfræðiálit
Viðbótarupplýsingar (sjá viðauka)				

C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Núverandi ástand



Túlkun

- Núverandi ástand lendir í flokknum „Farið að nálgast þolmörk“. Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukið álag á heilbrigðisþjónustu en þeirri aukningu hefur að einhverju leyti verið mætt með aðgerðum í rekstri og fjárveitingum.
- Eins og áður hefur komið fram hefur heildarfjöldi þeirra erlendu ferðamanna sem sækja þjónustu á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahúsanna þrefaldast frá 2010. Sú þróun hefur aukið álag á þennan hluta sjúkrahúsanna. Þjónusta við erlenda ferðamenn getur einnig verið tímafrekari samanborið við þá sem hér búa vegna m.a. tungumála- og upplýsingaörðugleika.
- Ástandið byggir á landinu í heild en mikill munur er á fjölda ferðamanna á milli landshluta og einnig hlutdeild þeirra í þjónustu á heilbrigðisstofnunum. Sem dæmi má nefna að hlutfall erlendra ferðamanna sem nýta sér slysa- og bráðaþjónustu á bráðamóttökunni á Selfossi var nærri 7% árið 2017. Einnig má nefna að á Selfossi hefur verið bætt við mannafla til þess að veita aukna þjónustu.
- Miðað við þær forsendur sem þolmörk vísanna byggja á eru allir vísarnir farnir að nálgast þolmörk. Nokkuð svigrúm er þar til staða vísanna fer yfir þolmörk

C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Sviðsmynd 2% og 5% vöxtur (2030)




Túlkun

- Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu sem stuðst er við í sviðsmyndunum er árleg aukning í mannfjölda að meðaltali 0,63% frá 2018 til 2030.
- Vöxtur í fjölda ferðamanna sem nemur 2% og 5% á sama tímabili er þar af leiðandi meiri en vöxtur í fjölda þeirra sem búa hérlandis. Búast má því við að hlutdeild þjónustu við erlenda ferðamenn muni hækka á tímabilinu ef ekki komi til sérstakar fyrirbyggjandi aðgerðir, t.d. að fækka slysum.
- Ef miðað er við notkun erlendra ferðamanna á heilbrigðisþjónustunni á hverja 1.000 ferðamenn árið 2017 má með einföldum hætti áætla notkun þeirra á heilbrigðisþjónustu árið 2030 miðað við forsendur um vöxt í fjölda ferðamanna.
- Fyrir vísí C.1.1 má búast við að hlutdeildin verði orðin um 1,3% ef vöxtur í fjölda ferðamanna er 2% á ári og um 2.000 fleiri komur á sjúkrahús en árið 2017. Ef miðað er við 5% vöxt er hlutfallið um 1,8% og nærri 5.000 fleiri komur.
- Niðurstaða sviðsmyndanna fyrir vísí C.1.2 er 1,3% fyrir 2% vöxt í fjölda ferðamanna á ári og 1,8% fyrir 5% vöxt í fjölda ferðamanna á ári.
- Hlutdeildin fyrir komur erlendra ferðamanna á slysa- og bráðadeildir er metin 4,4% og 6,0% og fjölgað komum um 1.400 í 2% fjöldun ferðamanna og 3.500 ef fjöldi ferðamanna vex um 5% á ári.
- Svipaða sögu má segja um sjúkraflutninga en við 2% og 5% fjölgun ferðamanna á ári eykst hlutdeildin í um 6% og 8,4%.
- Niðurstöður sviðsmyndarinnar eru að vísarnir verða farnir að nálgast þolmörk og vísirinn fyrir sjúkraflutninga kominn yfir þolmörk. Byggir niðurstaðan á því að stjórnvöld grípi ekki til sérstakra og beinna aðgerða við að mæta þessari aukningu í þjónustu við erlenda ferðamenn. C.1.6

C.1 – Heilbrigðisþjónusta

Samanburður á núverandi ástandi og sviðsmyndum



Núverandi

2% vöxtur

5% vöxtur

Túlkun, tímarammi og kostnaður

- Heildarniðurstaða fyrir núverandi stöðu er að heilbrigðisþjónusta sé farin að nálgast þolmörk en nærri því að komast undir þolmörk.
- Í sviðsmyndunum eru niðurstöðurnar að ástandið sé farið að nálgast þolmörk m.v. núverandi rekstur og byggir það á aukinni þjónustu erlendra ferðamanna.
- Eins og áður segir er meðalaukning mannfjölda hérlandis um 0,63% á ári til ársins 2030 og vöxtur í fjölda ferðamanna því nokkru hærri. Óhjákvæmilega mun þessi þróun leiða til aukins álags á heilbrigðisþjónustu ef ekki verður brugðist við.
- Til þess að komast undir þolmörk í sviðsmyndunum þarf að grípa til beinna aðgerða og má þar einna helst nefna aukinn fjölda heilbrigðisstarfsfólks og betri aðbúnaður til þess að taka á móti og þjónusta þá sem á sjúkrahús koma.
- Flestir erlendir ferðamenn hérlandis eiga rétt á heilbrigðisþjónustu í samræmi við milliríkjasamninga um sjúkratryggingar. Í slíkum tilvikum greiða erlendar sjúkratryggingarstofnanir fyrir heilbrigðisþjónstuna. Þeir ferðamenn sem ekki eru með sjúkratryggingar skv. milliríkjasamningum greiða fullt gjald skv. reglugerð nr. 1177/2017.